

Samningur

um samsstarf um kennaramenntun

Kennaraháskóli Íslands og leikskólinn XXXXXXXX gera með sér svohljóðandi samning.

1. gr.

Leikskólinn XXXXX veitir allt að tveimur nemum í B.Ed.- námi við Kennaraháskóla Íslands aðgang að skólanum til að vinna þar þau verkefni sem tengjast vettvangi. Um getur verið að ræða æfingakennslu, kynnisheimsóknir, þátttöku í undirbúningi og framkvæmd kennslu, athuganir á skólastarfi o.fl. Kennarar skólans leiðbeina kennaranema á vettvangi og taka þátt í mati á frammistöðu hans.

2. gr.

Leikskólinn tilnefnir tengilið sem er samstarfsaðili KHÍ fyrir hönd skólans. Hann hefur yfirsýn yfir þann hóp kennaranema sem hafa skólann sem sinn heimaskóla. Tengiliður kemur jafnframt á framfæri óskum heimaskóla um samstarf á breiðari grunni t.d. um kennslu í faggreinum, samstarf um þróunarverkefni og rannsóknir.

3. gr.

Leikskólinn fær staðfestingu á því að hann sé samstarfsaðili Kennaraháskóla Íslands um menntun kennara. Kennaraháskólinn greiðir samstarfsskóla þróunarstyrk sem nemur 50 þús. kr. á ári að jafnaði fyrir hvern nema í fullu námi. Uppgjör fer fram eftir hvert misseri. Auk þess eiga þeir kennarar sem annast kennslu nemanna þess kost að fá aðgangskort að safni KHÍ án endurgjalds.

4. gr.

Þess er vænst að tengsl samstarfsskóla og Kennaraháskóla Íslands skapi möguleika á samstarfi á breiðari grunni t.d. um kennslu faggreina, samstarf um þróunarverkefni eða rannsóknir. Báðir aðilar eru opnir fyrir að þróa slíkt samstarf samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Jafnframt er æskilegt að heimaskólar hafi með sér samstarf til þess að reynsla kennaranema verði ekki of einhæf og að þeir geti kynnst fleiri skólum á námstímanum.

5. gr.

Ef aðstæður breytast á samningstímanum eða að vandi kemur upp í samskiptum skóla og einstakra kennaranema skal gera verkefnisstjóra vettvangsnáms við Kennaraháskóla Íslands viðvart sem gerir viðeigandi ráðstafanir. Ennfremur gerir tengiliður verkefnisstjóra viðvart ef hann telur að heimaskólinn geti ekki komið til móts við þarfir ákveðinna nema.

6. gr.

Samningur þessi gildir í þrjú ár frá undirritun. Báðir aðilar geta sagt honum upp með 6 mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 8. nóvember 2007

Leikskólastjóri

Rektor

